



**Til landssambanda og
aðildarfélaga ASÍ**

19. júní 2026

Efni: 47. þing ASÍ 14. – 16. október 2026

47. þing Alþýðusambands Íslands verður haldið dagana 14. - 16. október nk. á Hilton Reykjavík, Suðurlandsbraut 2. Þingið hefst kl. 10:00, 14. október og því lýkur síðdegis 16. október. Meðfylgjandi eru drög að dagskrá (með fyrirvara um breytingar) sem jafnframt verður birt á vef þingsins. Öll þingskjöl verða jafnframt aðgengileg þar. Vefur þingsins verður: asi.is/thing2026/ Athugið að ekki er boðið upp á prentuð gögn á þinginu.

⚙ Málefni fyrir þingið

Í samræmi við ákvörðun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands verður yfirskrift 47. þings ASÍ: „**Framtíð vinnu og verkalýðsbaráttu**“.

Miðstjórn ASÍ hefur samþykkt að fjallað verði um þau verkefni og áskoranir sem Alþýðusambandið, aðildarfélögin og launafólk standa frammi fyrir nú og í næstu framtíð og hvernig á að takast á við þær út frá grunngildum og baráttu verkalýðshreyfingarinnar.

Málefnaþingur þingsins verða fjórir:

- Efnahagslegt og félagslegt réttlæti
- Góð störf, réttindi og öryggi launafólks á breyttum vinnumarkaði
- Færni, þekking og menntun á breyttum vinnumarkaði
- Alþjóðamál og grunngildi verkalýðshreyfingarinnar

Jafnframt verður laganefnd starfandi á þinginu og aðrar nefndir verði tilefni til.

Athygli er vakin á að „Mál þau og tillögur sem einstök aðildarsamtök óska að tekin verði fyrir á þinginu, skal senda miðstjórn 1 mánuði fyrir sambandsþing. Skal miðstjórn leggja mál þau og tillögur fyrir þingið, ásamt umsögn sinni. [2.mgr. 24.gr. laga ASÍ]. Hið sama á við um tillögur til breytinga á lögum sambandsins, sem aðrir bera fram en miðstjórn sbr. 2.mgr. 50.gr. laga ASÍ.“



⚙ Hringferð

Í lok ágúst og byrjun september (31. ágúst – 15. september) verður stjórnnum, trúnaðarráðum og áhugasömu félagsfólki boðið til fundar þar sem kynnt verður fyrirkomulag þingsins, málefni og tillögur miðstjórnar að ályktunum. Þá verður farið yfir þær lagabreytingar sem liggja fyrir ásamt yfirferð þingskapa. Haldnir verða 10 fundir um landið og verða nánari upplýsingar um tímasetningu þeirra sendar út síðar.

⚙ Fyrirkomulag málefnavinnu

Fyrsti dagur þingsins verður opinn almenningi, að hluta, en þar verða framsögur og pallborðsumræður um málefni þingsins.

Fari svo að samþykkt verði í þjóðaatkvæðagreiðslu þann 29. ágúst n.k. að halda áfram viðræðum um aðild Íslands að Evrópusambandinu hefur miðstjórn heimild til að ákveða að nýta fyrsta dag þingsins í umræður um Evrópumál og afstöðu til samningsmarkmiða Íslands skv. leikreglum greinar 5.3. í þingsköpum ASÍ. Þar segir: „*Miðstjórn er heimilt að efna til umræðu og ákvarðanatöku um tiltekin málefni án þess að bera fram tillögu eins og mælt er fyrir um í 5.1. Skal þá við fyrri umræðu fara fram opin hringborðsumræða þingfulltrúa. Starfsmenn þingsins skulu taka saman niðurstöður hringborðsumræðu. Sérstakri ritnefnd kjörinni af þinginu skal síðan falið að setja niðurstöður fram í ályktunar- eða tillöguformi sem kynntar verði í viðeigandi málefnanefnd þingsins og afgreiddar þar til annarrar umræðu.*“

Á þingvefnum er að finna drög að ályktunum og greinargerðum sem undirbúin hafa verið af starfsnefndum miðstjórnar ASÍ og eru grundvöllur málefnavinnunnar. Að lokinni fyrstu umræðu um málefnið sem fram fer á fyrsta degi þingsins verður þunginn í málefnavinnunni í fjórum þingnefndum sem starfa á fimmtudeginum 15. október.

Allir þingfulltrúar taka þátt í málefnaflokkunum sem teknir verða fyrir á þinginu sem tryggir virka þátttöku og möguleika allra fulltrúa á þinginu til að koma að mótun stefnu ASÍ á þeim málefnasviðum sem eru til umfjöllunar. Skráning í nefndarstarf fer fram samhliða skráningu þingfulltrúa í haust.



⚙️ Dagskrá

Á fundi miðstjórnar 16. júní 2026 voru samþykkt meðfylgjandi drög að dagskrá 47. þings Alþýðusambands Íslands 2026. Jafnframt var samþykkt að senda út til aðildarfélaganna til undirbúnings þingsins þær tillögur miðstjórnar um breytingar á lögum ASÍ sem miðstjórn hefur þegar samþykkt að leggja fyrir þingið.

⚙️ Lagabreytingar

Fyrir þinginu liggja lagabreytingartillögur sem eru og verða aðgengilegar inni á þingvefnum. Þær fylgja einnig bréfi þessu. Öllum þingfulltrúum er frjálst að taka sæti í laganefnd.

⚙️ Kosningar

Forysta Alþýðusambandsins til næstu tveggja ára verður kosin á þinginu. Kosningarnar verða á síðasta degi þingsins.

⚙️ Túlkun, þýðingar og önnur aðstoð

Boðið verður upp á túlkun milli ensku og íslensku á þinginu. Helstu þingskjöl verða þýdd á ensku og birt á þingvefnum. Skráning vegna túlkapjónustu fer fram samhliða skráningu þingfulltrúa í haust.

⚙️ Hagnýt atriði

Um greiðslu kostnaðar vegna ferða þingfulltrúa fer samkvæmt reglugerð um greiðslu ferðakostnaðar þingfulltrúa, sem er aðgengileg á vefsíðu ASÍ undir flípa um Lög ASÍ, reglugerðir og reglur.

Eyðublað vegna endurgreiðslu mun verða birt á þingvefnum. Unnur Guðmundsdóttir, gjaldkeri ASÍ, tekur við beiðnum um endurgreiðslu á netfangið unnur@asi.is.

Fyrirkomulag um flug vegna þingsins er eilítið breytt þar sem Icelandair hefur tekið yfir starfsemi Flugfélags Íslands og ekki er lengur hægt að panta flug sem fer beint á reikning ASÍ. Aðildarfélag verða því að bóka flug á eigin kostnað og fá endurgreitt með sama hætti og annan ferðakostnað.



Alþýðusamband Íslands

Hvað varðar gistingu fyrir þingfulltrúa, sem koma utan af landi, er mikilvægt fyrir aðildarfélögin að ganga frá þeim sem fyrst. Alþýðusambandið hefur tekið frá herbergi á Hilton Reykjavík og Grand hóteli frá 13. – 16. október (3 nætur). Þegar bókað er, er nauðsynlegt að tilgreina v. 47. þings ASÍ.

Þá er rétt að benda á að oft er hægt að fá hagstæð tilboð á hótलगistingu á vefnum.

Með bestu kveðju,

Eyrún Valsdóttir

Eyrún Valsdóttir
Framkvæmdastjóri ASÍ